

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 70/2020 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi EZY1806 þann 9. janúar 2020.

I. Erindi

Þann 15. janúar 2020 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A (kvartandi). Kvartandi átti bókað flug með flugi EeasyJet (EJ) EZY1806 frá Keflavík til Manchester þann 9. janúar 2020 en fluginu var aflýst vegna veðurs. Kvartandi var bókaður í nýtt flug með EJ daginn eftir.

Kvartandi fer fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

II. Málavextir og bréfaskipti

SGS sendi EJ kvörtunina til umsagnar þann 16. janúar 2020, í svari EJ þann 27. janúar kom m.a. fram að:

„Between 08/01/2020 21:00z and 09/01/2020 21:00z the wind speed was expected to be 25 knots gusting at 35 knots at 240 degrees. Temporarily (50% chance) between 03:00z-18:00z on 09/01/2020 at 08:00z there would be heavy showers of snow with small hail. Between 05:00z-08:00z the wind speed was forecast to be 38 knots gusting at 55 knots at 240 degrees. This was outside of the legal landing limits for the aircraft. Due to the adverse weather conditions in KEF, the captain had concerns and was not happy to operate the flight. easyJet operations contacted a home standby (SBY) captain who also was not happy to operate the flight due to the weather forecast in KEF. As a result easyJet, decided to delay EZY1805 and operate when the weather improved. To protect the safety of both passengers and crew, we had no alternative but to reschedule the Flight to the following day.

The Airline avers that any disruption to the Flight was caused by extraordinary circumstances and no reasonable measures linked either to aircraft and crew could have been taken to avoid the disruption. The Airline avers that any disruption to the Flight was caused by extraordinary circumstances beyond easyJet's control. No reasonable measures linked either to aircraft and/or the crew could have been taken to mitigate the disruption.“

Svar EJ var sent kvartanda þann 27. janúar 2020. Engin frekari svör bárust frá kvartanda.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga. Stofnunin tekur

málið til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Um aflýsingu flugs og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal farþegum ef flugi er aflýst, boðin aðstoð af hálfu flugrekandans í samræmi við 8. gr. og a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. Í 8. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rétt farþega til þess að fá endurgreitt eða að fá flugleið breytt. Þar kemur nánar tiltekið fram að flugfarþegar eigi eftirfarandi kosta vöð; að fá innan sjö daga endurgreitt að fullu upprunalegt verð farmiðans, að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum, til lokaákvörðunarstaðar eins fljótt og auðið er, eða að breyta flugleið, með sambærilegum flutningsskilyrðum og komast til lokaákvörðunarstaðar síðar meir.

Auk framangreinds gildir að sé flugi aflýst eiga farþegar rétt á skaðabótum frá flugrekanda í samræmi við 7. gr., hafi ekki verið tilkynnt um aflýsingu á þann hátt sem mælt er um í i) – iii) liðum c-liðar 1. mgr. 5. gr. Þetta gildir nema flugrekandi geti sýnt fram á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 3. mgr. 5 gr. reglugerðarinnar.

Loftferðalögum nr. 60/1998 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þröngt, sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia og almennar meginreglur um túlkun lagaákvæða.

Álitafni í máli þessu er hvort að aflýsing á flugi kvartanda með EJ nr. EZY1806 þann 9. janúar 2020 megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Að jafnaði falla slæmar veðuraðstæður undir óviðráðanlegar aðstæður í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. einnig 14. innganglið reglugerðarinnar. EJ hefur lagt fram veðurupplýsingar og önnur gögn sem tilgreina að slæmt veður var á Keflavíkurflugvelli þann 9. janúar 2020 sem ástæðu aflýsingar fyrra flugs vélarinnar, þ.e. flug nr. EZY1805 frá Manchester til Keflavíkur. Sama vél átti síðar þann 9. janúar að framkvæma flug kvartanda frá Keflavík til Manchester. Við yfirferð sérfræðinga SGS á framlögðum veðurgögnum EJ var staðfest að þau sýndu fram á slæmt veður á Keflavíkurflugvelli þann 9. janúar og því hafi verið öruggara fyrir áhöfn og farþega í viðkomandi flugi að fljúga ekki til Keflavíkur frá Manchester.

Að mati SGS hefur EJ sýnt fram á að framangreindar veðuraðstæður falli undir óviðráðanlegar aðstæður í skilningi reglugerðar EB nr. 261/2004 sem leysa EJ undan skyldu til greiðslu staðlaðra skaðabóta vegna aflýsingu á flugi kvartanda. Með hliðsjón af framangreindu eru

skilyrði bótaskyldu samkvæmt 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 ekki uppfyllt. Ber því að hafna kröfu kvartanda um staðlaðar skaðabætur.

Ákvörðunarrorð

Kröfu kvartanda um skaðabætur úr hendi Easyjet skv. reglugerð EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð 1048/2012, er hafnað.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 29. apríl 2020

Ómar Sveinsson

Andri Rúnar Gunnarsson